



## Þingfundargerð 27. ársþings Keilusambands Íslands 22. ágúst 2020 í KR heimilinu Frostaskjóli

### 1. Þingsetning

Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ), formaður setur þing kl. 12:00. Þakkar KR fyrir að hýsa þingið í ár. Farið var yfir sóttvarir sem allir þurfa að huga að á þessum tímum.

### 2. Kosnir fasta starfsmenn þingsins

JÁJ tilnefnir Hafstein Pálsson sem þingforseta en það er í 24. skipti sem Hafsteinn stýrir þingi og Einar Jóel Ingólfsson ÍA sem þingritara og voru þeir samþykktir samhljóða. Þingforseti tók við stjórn þingsins og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við boðun þingsins en svo var ekki og var því þingið lýst löglega boðið.

### 3. Kosnar fastanefndir þingsins

Þingforseti leggur fram tillögu, þar sem fá mál liggja fyrir þingi, að ekki verði kosið í nefndir utan Kjörbréfanefnd og að nefndarstörf verði í staðin unnin í sal af viðstöddum. Var það samþykkt án athugasemda.

#### a) Kjörbréfanefnd

- a. Magnús Guðmundsson ÍA
- b. Magnús Reynisson KR
- c. Þórarinn Már Þorbjörnsson ÍR

### 4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína

JÁJ fór yfir skýrslu stjórnar, [sjá Ársskýrslu 2020](#).

Þingforseti gefur Kjörbréfanefnd orðið. PMP formaður Kjörbréfanefndar fer yfir niðurstöður hennar. Alls voru 34 þingfulltrúar löglegir skv. boðun þingsins en 21 fulltrúar eru mættir frá öllum félögum nema Þór, [sjá fylgiskjöl](#) þinggerðar.

### 5. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar sambandsins

JÁJ fór yfir reikninga sambandsins í fjarveru Unnar, fráfarandi gjaldkera KLÍ, sjá Ársskýrslu 2020. Rekstur KLÍ heldur áfram að vera góður. Tekjur voru alls liðlega 31 milljón og gjöld 29,6 milljónir. Hagnaður ársins að teknu tilliti til fjármagnsliða var 1,4 milljónir. Eigið fé er orðið liðlega 19,2 milljónir, sjá ársreikning KLÍ í [Ársskýrslu 2020](#).

Þingforseti gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga. Engar spurningar bárust. Því næst voru reikningar sambandsins bornir undir samþykki og voru þeir samþykktir samhljóða.

### 6. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár 2021

JÁJ fer yfir áætlunir, [sjá þingsskjal 1](#). Vakti hann athygli á stjórnumerktum liðum í áætluninni sem snúa annarsvegar að auknum tekjum í skráningargjöldum og svo vegna starfsmannakostnaðar. Áætlun er að setja á fót Dómaranefnd KLÍ og greiða dómurum. Einnig er áætlun að hækka starfshlutfall starfsmanns KLÍ til að taka við auknum verkefnum sambandsins sem gengur orðið illa að fá aðila til að sinna í sjálfböðavinnu.

Þingforseti opnar á fyrirspurnir úr sal. Sigurður Guðmundsson ÍA spyr hvort að sá peningur sem er áætlaður í dómaraströf sé eyrnamerkur þeim lið þ.e. ef ekkert verður af dómaramálum, hvað þá? JÁJ svarar því játandi, ef það verður ekkert úr þessu, þá er þetta ekki rukkað inn.

Þingforseti leggur fjárhagsáætlun til samþykktar og er hún samþykkt samhljóða.

### 7. Lagðar fram lagabreytingatillögur

JÁJ fer yfir lagabreytingatillögur sem koma frá stjórn KLÍ, [þingskjöl nr. 2](#).

Lagt er til að breyta 8. grein 3. lið c. Breytingartillagan felur í sér að fella út leikreglur í nefndinni. Vísað er til þess að í 10. gr. sambandsins fer stjórn KLÍ með regluvaldið. JÁJ fer yfir að hingað til hefur sá háttur verið hafður á að mikil vinna fer fyrir þing í að ræða reglur. Þær reglur sem koma fyrir þing fá 30 mín. umfjöllun á þingi sem er engan vegin nóg. Vinna ætti frekar að vera meiri bakvið breytingar og þá vandað til verks.

Þingforseti leggur breytingartillöguna til samþykktar og er hún samþykkt samhljóða.

Lög er fram tillaga að breytingu á lögum KLÍ. Ný 12. og ný 13. grein þannig að aðrar greinar færast aftur sem því nemur. JÁJ fer yfir ástæðuna og snýr þetta fyrst og fremst um heimild nefnda innan KLÍ sem hafa úrskurðarvald. Er þetta tilkomið vegna dóma sem fallið hafa hjá Dómstól ÍSÍ og athugasemdir þar um, um heimild nefnda skv. lögum sérsambands til að taka íþyngjandi ákvarðanir. Þá lagaheimild hefur skort hjá sambandinu.

Spurning úr sal með hæfi nefndarmanna skv. þessu. Skýrt í tillögunum um hæfi aðila.

Ný 12. grein er fyrst lögð til samþykktar af Þingforseta og er hún samþykkt samhljóða.

Ný 13. grein er einnig lögð fram til samþykktar og samþykkt samhljóða.

Þingforseti leggur þá lögin í heild sinni með áorðnum breytingum til samþykktar og eru þau samþykkt samhljóða.

### 8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem hafa borist til stjórnar

30 ára afmælisnefnd, [þingskjöl nr. 3](#). Tillaga er að stjórn KLÍ skipi afmælisnefnd vegna komandi 30 ára afmæli KLÍ 2022. Lagt er til að nefndin skipuleggi viðburði og leggi fram kostnaðaráætlun vegna þessa á næsta þingi 2021.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

### Önnur mál

Þingforseti flytur kveðju framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Segir frá samskiptaráðgjafa ÍSÍ, hægt að kynna sér málið á vefsíðu ÍSÍ. Þingforseti minnir á mikilvægi Lottó og Getrauna fyrir íslenskt íþróttalíf og varar við áhrifum erlendra veðmálastarfsemi. Mun ekki skilja mikið eftir sér fyrir íþróttahreyfinguna hér á landi.

Þórunn KFR: Spyr um aðstöðumál Keilu. JÁJ segir frá málum á Skaganum, 3 nýjar vélar koma síðar á árinu og staðurinn verður aðeins tekinn í gegn. Staðan í höfuðborginni, málið er statt hjá borginni og er beðið eftir að hún setur pening í það. Á Akureyri er lítið að gerast. Keila er þó nefnd á nafn í skýrslu sem Akureyri gerði um þarfir íþróttafélaga.

Þórunn KFR: Spyr um hvað skal gera varðandi Covid? Eru lið skyldug til að keppa ef útbreiðslan er enn í gangi? JÁJ, stjórn þarf að skoða málið. Búið að gera sóttvarnaráætlun sem gildir til 27.8. en þá tekur önnur við og svo önnur þar í framhaldi. Ljóst að við verðum að vera á tánum í þessum málum.

### 9. Kosning stjórnar, varamanna, fulltrúa og varafulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ

Fyrir liggja eftirfarandi framboð:

- 1) Formaður til tveggja ára
  - a. Jóhann Ágúst Jóhannsson ÍR

Ekkert mótframboð kom og er hann því sjálfkjörinn.

- 2) Aðrir stjórnarmenn til tveggja ára:
  - a. Hafþór Harðarson ÍR
  - b. Skúli Freyr Sigurðsson KFR

Ekkert mótframboð kom og eru þeir því sjálfkjörnir.

- 3) Kjósa þarf einn stjórnarmann til eins árs vegna brotthvarfs S. Unnar Vilhjálmsdóttur:
  - a. Ingi Geir Sveinsson ÍA

Ekki eru aðrir í framboði og hann því sjálfkjörinn.

- 4) Þrír aðilar í varastjórn til eins árs:
  - a. Geridís Hanna Kristjánsdóttir ÍR
  - b. Magnús Reynisson KR
  - c. Hörður Ingi Jóhannsson ÍR

Ekki gáfu aðrir kost á sér til varastjórnar og eru þau því sjálfkjörin.

Tillaga að vísa til stjórnar hverjir verða fulltrúar á Íþróttapingi ÍSÍ, samþykkt samhljóða.

### 10. Kosnir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara

Tillaga að Heiða Sigrún Guðmundsdóttir (utan félaga) og Sigurður Þorsteinn Guðmundsson ÍA. Kjörin samhljóða. Til vara eru þeir Pétur Helgason og Hjalti Ástbjartsson. Samþykkt samhljóða.

### 11. Þingslit

Þingforseti gefur ný endurkjörnum formanni orðið.

JÁJ þakkar starfsfólki þings og þátttakendum fyrir góð þingstörf. Ítrekar áskorun til íþróttarinnar að halda öfluglu starfi áfram og leiða íþróttina áfram á komandi tímabili.

Formaður slítur að því loknu þingi kl. 13:38.